



Velferðarráð Kópavogs
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 17. október 2023
2310567/005.05 ÞK

Efni: Svar við fyrirspurn frá Erlendi Geirdal, áheyrnarfulltrúa Samfylkingarinnar sem lögð var fyrir velferðarráð þann 9. október 2023.

1. Hve mörgum flóttamönnum hefur Kópavogsbær tekið á móti á grundvelli samningsins sem undirritaður var þann 22. júní s.l.?
2. Hve mörg börn eru þar á meðal og hefur þeim sem eru á skólaaldri verið veitt skólavist?
3. Hve margir flóttamannanna eru í vinnu?

Kópavogsbær skrifaði undir þjónustusamning um samræmda móttöku flóttafólks þann 22. júní 2023. Markmið samningsins er að samræma móttöku flóttafólks þannig að ríki og sveitarfélög tryggi flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan fólk kemur. Gildistími samnings er 1. apríl 2023 - 31. desember 2023. Á grundvelli samnings voru ráðnir inn tveir starfsmenn, félagsráðgjafi og þjónustufulltrúi sem komu til starfa mánaðarmótin september/október sl.

Hér fyrir neðan má sjá töflu þar sem fram kemur fjöldi tilvísana til Kópavogsbæjar.

	Fjárhagsaðstoð	Vinna	Í vinnslu	Flutt í annað sveitarfélag	Börn	Samtals
Fjölskyldur	8	5	2	5	12	32
Einstaklingar	13	8	4	8	0	33
Fjöldi samtals	21	13	6	13	12	65

Tafla 1.

Í töflunni má sjá að velferðarsviðs Kópavogsbæjar hefur tekið við 65 tilvísunum á grundvelli samnings um samræmda móttöku flóttafólks. Þar af eru 12 börn í þjónustu og 11 af þeim eru í grunnskóla. Eitt barn er á framhaldsskólaaldri og er verið að vinna stuðningi fyrir viðkomandi fjölskyldu. Varðandi fjölda einstaklinga í vinnu þá eru það 13 einstaklingar sem stunda atvinnu (m.v. stöðuna þann 18. október 2023). Þeir aðilar sem skráðir eru með mál í vinnslu eru erindi sem nýlega hafa borist og á eftir að greina betur félagslegar aðstæður og meta þörf fyrir þjónustu.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Vert er að geta þess að hér er einungis verið að birta tölfræði er varðar samning um samræmda móttöku flóttafólks. Velferðarsvið þjónustar einnig aðra innflytjendur sem þurfa á félagslegri þjónustu að halda til þess að verða virkir þátttakendur í samfélaginu.

Virðingarfyllt,

Þóra Kemp

Skrifstofustjóri

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026